

AUGLÝSING um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Óseyri sunnan Krossanesbrautar.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 1. mars 2023 breytingu á deiliskipulagi fyrir Óseyri sunnan Krossanesbrautar.

Breytingin tekur til lóðarinnar Óseyrar 1 og felur í sér að lóðarmörkum er breytt til vesturs og suðurs og lóðin stækkar um rúmlega 300 m². Þá fjölgar bílastæðum úr 80 í rúmlega 100.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Stórholt - Lyngholt.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 1. mars 2023 breytingu á deiliskipulagi fyrir Stórholt - Lyngholt.

Breytingin felur í sér að mörk skipulagssvæðisins breytast lítillega til samræmis við breytingu á deiliskipulagi fyrir Óseyri sunnan Krossanesbrautar vegna stækkunar á lóð Óseyrar 1.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 7. mars 2023,

María Markúsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 21. mars 2023